

skrárinnar, þar sem grein þessi stendur ekki í vegi fyrir því, að almennar kvaðir séu lagðar á tilteknar atvinnugreinar, jafnvel þótt þær leiði til þess, að einhverjir aðilar verði að hætta tiltekinni atvinnu vegna fjárhagsörðugleika.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi á að vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Stefndi hefur fallið frá málskostnaðarkröfu sinni.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, stjórn Búnaðarbanka Íslands f. h. Stofnlánadeildar landbúnaðarins, á að vera sýkn af kröfum stefnandans, Hermóðs Guðmundssonar, í máli þessu.

Föstudaginn 21. maí 1965.

Nr. 93/1965. **Everest Trading Company**

gegn

Viðari Sigurbjörnssyni.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson
Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og Þórður Björnsson
yfirsakadómari.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 4. maí 1965, sem barst dóminum hinn 10. s. m., og krafist þess, að hinn kærði frávísunardómur verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu. Svo krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. apríl 1965.

Mál þetta, sem þingfest var 8. apríl s.l. og dómtekið á sama degi, hefur höfðað Kristinn Einarsson héraðsdómslögmaður, Reykjavík, f. h. Everest Trading Company, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 18. marz 1965, á hendur Viðari Sigurbjörnssyni, Fáskrúðsfirði, til greiðslu víxilskuldar, að fjárhæð kr. 3.548.00, með 9% ársvöxtum frá 15/11 1964 til 1/1 1965 og með 8½% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 9.00 í stimpilkostnað, ½% víxilfjárhæðarinnar í þóknun og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati réttarins.

Hinn umstefndi víxill er að fjárhæð kr. 3.548.00, útgefinn 2. nóvember 1964 af Þorsteini Þórarinssyni fyrir hönd stefnanda og samþykktur af stefnda til greiðslu í Sparisjóði Fáskrúðsfjarðar 15. nóvember 1964, en á víxli þessum er stefnandi áþekkingur.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing. Verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Svo sem áður er tekið fram, er greiðslustaður hins umstefnda víxils í Sparisjóði Fáskrúðsfjarðar, en heimili stefnda er á Fáskrúðsfirði.

Stefnandi telur hins vegar, að sér sé heimilt að höfða mál þetta á bæjarþingi Reykjavíkur, þar sem grundvöllur víxilskuldbindingarinnar sé sá, að stefndi hafi keypt af stefnanda vörur hinn 9. september 1964, fengið gjaldfrest til greiðslu þeirra og samþykkt víxil með gjalddaga 15. nóvember, en það sé hinn umstefndi víxill.

Stefnandi hafi fasta starfsstofu í Reykjavík, og sé því heimilt að höfða mál þetta samkvæmt 1. mgr. 82. gr. laga nr. 85/1936, enda lítur stefnandi svo á, að ákvæði laga nr. 85/1936 um sérstakt varnarþing í víxilmálum geti á engan hátt takmarkað þessa heimild sína.

Á þessa skoðun stefnanda verður ekki fallizt.

Mál þetta er víxilmál, rekið samkvæmt 17. kafla laga nr. 85/1936. Grundvöllur stefnukröfunnar er víxillinn sem slíkur, sem lýtur hinum ströngu formreglum víxillaganna og er alveg

slitinn úr tengslum við lögskipti þau, sem á bak við hann lágu.

Samkvæmt ofanrituðu var stefnanda rétt að sækja mál þetta á heimilisvarnarþingi skuldara samkvæmt 73. gr. laga nr. 85/1936 svo og á greiðslustað víxilsins samkvæmt 3. mgr. 82. gr. sömu laga, en verður hins vegar ekki talið heimilt að höfða mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur samkvæmt 1. mgr. 82. gr. laga nr. 85/1936, eins og málið er vaxið.

Verður því að vísa málinu ex officio frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Stefán M. Stefánsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu er ex officio vísað frá dómi.

Föstudaginn 21. maí 1965.

Nr. 38/1965. **Torfi Bryngeirsson og Jón Bryngeirsson**

(Jón Hjaltason hrl.)

gegn

Hraðfrystistöð Vestmannaeyja

(Sveinn Haukur Valdimarsson hrl.).

Dómsmenn:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theódór B. Línðal.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Frey móður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. febrúar 1965, krefjast þess, að stefnda verði dæmt að greiða þeim kr. 20.969,43 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. desember 1962 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.